

Hákon Jensson

Fornleifaskráning vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð, frá Hrappsstöðum til Norður-Skálanes í Vopnafjarðarhreppi.



Búnaðarsamband Eyjafjarðar
Rannsóknarskýrslur 2021/11



BÚNAÐARSAMBAND
EYJAFJARÐAR

Forsíðumynd: Ásbrandsstaðir, mynd tekinn norð-austur.



© Hákon Jensson
Búnaðarsamband Eyjafjarðar,
Akureyri 2021/11

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR.....	1
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR.....	1
AÐFERÐIR.....	3
FORNLEIFASKRÁNING.....	4
SAMANTEKT.....	10
HEIMILDASKRÁ.....	11

1. Inngangur

Skýrsluhöfundur var beðinn að sjá um fornleifaskráningu fyrir Rarik vegna lagningar rafmagnsstrengs í jörð. Framkvæmdasvæðið nær frá Hrappsstöðum til Norður-Skálanes í Vopnafjarðarhreppi en áform eru uppi um að leggja strenginn vorið 2022.

Skráningin fór eftir uppmælingargögnum sem Rarik útvegaði. Skráning og úrvinnsla var í höndum Hákonar Jenssonar fornleifafræðings hjá Búnaðarsambandi Eyjafjarðar.

Vettvangsskráningin fór fram í fyrri hluta ágúst 2021.

Skýrsluhöfundur vill þakka heimildarmönnum fyrir góðar upplýsingar um svæðið.

Verkefnisnúmer Minjastofnunnar Íslands: 2722.

2. Tilgangur fornleifaskráningar

Megin markmið fornleifaskráningar er að tryggja varðveislu menningararfsins ásamt því að gera bæði sveitarfélögum og Minjastofnun kleift að móta stefnu í minjavörslu.¹ Til þess að fyrirbyggja að minjar verði fyrir skemmdum við framkvæmdir þá voru sett í lög ákvæði að skráning á menningarminjum eigi sér stað áður en gengið sé frá deiliskipulagi eða aðalskipulagi. Jafnframt að sá kostnaður sem hlýst af við skráninguna skuli leggjast á þann sem ber ábyrgð á skipulagsgerðinni í samræmi við skipulagslögin.²

Í lögum um menningarminjar frá árinu 2012 í I. kafla, 3. grein er ítarleg upptalning á menningarminjum en samkvæmt þeim eru: „Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar.

Forngríp eru lausamunir 100 ára og eldri sem menn hafa notað eða mannaverk eru á og fundist hafa í eða á jörðu eða jökli, í vatni eða sjó. Skip og bátar frá því fyrir 1950 teljast til forngripa. Til forngripa teljast einnig leifar af líkómum manna og hræjum dýra sem finnast í fornleifum, svo sem fornum haugum, dysjum og leiðum.

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,

¹ Heimasíða Minjastofnunnar.

² Heimasíða Minjastofnunnar.

- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.
- j. Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands.”³

Varðandi verndun á fornleifum þá er því lýst nokkuð ítarlega í VI. Kafla, 21. grein að: „Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunnar Íslands.

Eigendur og ábúendur jarða skulu hlúa að fornleifum á landareignum sínum og viðhalda umhverfi þeirra eftir því sem sanngjarnt getur talist. Minjastofnun Íslands er skylt að veita ráðgjöf og leiðbeiningar í því sambandi.”⁴

Þar sem fornleifar eru til staðar þá er ágætt að skoða svo VI. kafla, 22 grein í lögum um menningarminjar en þar er skýrt tekið fram að: „Fornleifum sem eru friðlýstar skal fylgja 100 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra og umhverfis nema kveðið sé á um annað. Hvers konar röskun, byggingarframkvæmdir eða aðrar framkvæmdir á friðhelguðu svæði umhverfis friðlýstar fornleifar eru óheimilar án leyfis Minjastofnunnar Íslands. Friðhelgað svæði umhverfis aðrar fornleifar, sem ekki eru friðlýstar en njóta friðunar, skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið.”⁵

Þrátt fyrir að í fornleifaskráningunni finnist engar fornleifar þá er þó mikilvægt að hafa í huga VI. kafla, grein 24 í lögum um menningarminjar að: „Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.”⁶

Frá árinu 2013 hefur Minjastofnun verið með staðlaða skráningu fyrir fornleifar. Tilgangurinn með því var sá að samræma gögn og hafa ákveðna kröfu um lágmarksgæði skráningar. Þar af

³ Heimasíða Alþingis.

⁴ Heimasíða Alþingis.

⁵ Heimasíða Alþingis.

⁶ Heimasíða Alþingis.

leiðandi ættu framkvæmdaaðilar og skráningaraðilar að hafa nokkuð góðar upplýsingar um kröfur Minjastofnunnar til fornleifaskráningar til þess að hún geti byggt sínar stjórnsýsluákvarðanir á.⁵

3. Aðferðir

Við skráningu fornleifa á staðnum var notast við skráningarstaðla Minjastofnunnar Íslands. Við undirbúningsvinnuna og úrvinnsluna var notast við ýmis konar heimildir og gögn, til dæmis loftmyndir frá Loftmyndum ehf. frá 2004 til 2019 á map.is, örnefnaskrár, örnefnasafn landmælinga, niðurhalsgögn frá Landmælingum Íslands ásamt upplýsingum frá heimafólki. Þar að auki voru góðar upplýsingar um mannvirki frá fyrri tíð í bókinni Sveitir og Jarðir í Múlaþingi I. bindi. Ekki hafði farið fram nein ítarleg fornleifaskráning á þessum jörðum sem leið strengsins liggur um. Það hafa þó verið gerðar fornleifaskráningar á hluta af þessum jörðum vegna ýmis konar framkvæmda s.s. á Ásbrandsstöðum, Hrappsstöðum og Háteigs og vegna lagningar ljósleiðara í Vopnafirði.⁶ Fornleifaskráning á Egilsstöðum og Hrappsstöðum vegna mats á umhverfisáhrifum Þverárvirkjunar⁷ og Norður-Skálanesi vegna mats á umhverfisáhrifum vegna vegagerðar í Vopnafirði.⁸ Enginn af þeim minjum sem skráðar voru í þeim verkefnum reyndust þó vera nærri framkvæmdasvæði Raríks.

Þegar öll þessi gögn höfðu verið skoðuð var farið í vettvangskönnun þar sem gengið var eftir fyrirhugðu framkvæmdasvæði. Kortavinna var unnin í Microstation v8i forritinu með loftmynd frá Loftmyndum ehf. frá 2017 og 2019.

Þrátt fyrir að það hafi verið gengið skipulega til verksins þá verður að hafa það í huga að óþekktar fornleifar geta alltaf komið í ljós og verður þá að taka tillit til þess í framkvæmdunum.

⁵ Heimasíða Minjastofnunnar.

⁶ Rannveig Þórhallsdóttir.

⁷ Bryndís Zoëga, et al.

⁸ Guðný Zoëga

4. Fornleifaskráning

Hrappsstaðir:

Í Jarðarbók Johnsens er jörðinn sögð vera bændaeign og metinn 12 hundruð jörð að dýrleika.⁹ Á Síðari tímum hefur jörðin löngum verið í sjálfsábúð.¹⁰ Í munnmælum er þess getið að Hrappur sem byggði jörðina hafi deilt og barist við Egil bónda á Egilsstöðum um afréttarsvæðið Þrætutungur undir Smjörfjöllum. Hafi Hrappur fallið og tungurnar tilheyri því Egilsstöðum. Hrappur hafi síðan verið grafinn í Hrappshól í túninu og hvíli bannhelgi á hólnum.¹¹ Bæjarstæðið er norðan til vestan undir hálsinum og hallar landið niður að Brunná. Í Þverárdal og hálsinum er fjölbreytilegt gróðurfar, s.s. mýrar flóar, kvíslendi eða harðvelli. Gróðurfarið er mikið og samfelld en það eru þó líka einhverjir gróðurlausir melkollar sem hafa orðið til vegna veðrunar. Á milli Tunguár og Brunnár er langur ávali sem heitir Tungufell og þar fyrir sunnan eru sumararbeitarlöndin. Þar eru alveg suður upp til Smjörvatna, mýrar og hálsar með tjörnum á stangli. Vetrarheit þótti vera góð á staðnum.¹²

Gamla heima túnið þótti þýft og harðlent en uppskeran á því var góð. Engjarnar voru greiðfærar og yfirleitt nokkuð þurrleitar. Grasvöxtur var frekar rýr í þeim, í hólmanum voru engjarnar nokkuð samfelldar en reytingssamar til heiðarinnar. Helstu hlunnindi á jörðinni var veiðiréttur í Hofsa.¹³

Á Hrappsstöðum voru tvo fornbyli, fyrri Efstigarður er skammt suður og upp af túni. Seinna Svælugerði vestan í Hrappsstaðahálsi norð-austan við Þverá á Svælubakka. Svarðtekja er í bakkanum en svæla er gamalt nafn á sverði, þar voru beitarhús. Engar heimildir eru um ábúendur en einhverjar rústir og garðlög eru á staðnum. Í Þverárdal eru Selrústir.¹⁴

Leifar voru af flóðgörðum og ummerki um vatnsskurði í Hrappstaðhólma, einnig var myllutóft við Brunná. Einhver ummerki voru um túngarða og þakléttur en það er nú horfið. Árið 1884 varð mikið landbrot frá Þverá sem tók stóran hluta af landi Svælugerðis.¹⁵ Árið 1956 var nýbýlið Hrappsstaðir II stofnað og¹⁶ ári seinna var nýbýlið Háteigur stofnað.¹⁷

Ekki var hægt að finna neinar heimildir um menningarminjar á framkvæmdasvæði Raríks ekki fannst heldur neitt á loftmyndum eða við vettvangskonun.

⁹ J. Johnsen, bls. 352.

¹⁰ Ármann Halldórsson, bls. 155.

¹¹ Ármann Halldórsson, bls. 156.

¹² Ármann Halldórsson, bls. 156.

¹³ Ármann Halldórsson, bls. 156.

¹⁴ Ármann Halldórsson, bls. 156.

¹⁵ Ármann Halldórsson, bls. 157.

¹⁶ Ármann Halldórsson, bls. 156.

¹⁷ Ármann Halldórsson, bls. 157.

Egilsstaðir:

Í Jarðarabók Johnsens er jörðin sögð vera bændaeign og metinn 16 hundruð jörð að dýrleika.¹⁸ Á síðar hluta 17 aldar bjó E Jóhann Vilhjálmsson, kallaður þýski af því að hann var af aðalsætt frá Holtsetalandi, Rantzau. Til skamms tíma var sýnilegur upphlaðinn veggardur allhár sem hann lét gera á mólendi út að Kvíslá og átti að auðvelda kirkjuleið að Refsstöðum í snjóþynglum. Lét hann gera garðinn fyrir dætur sínar og var hann kallaður Jómfrúargarður. Hann hafði einnig sáðreiti og sáust garðlalög lengi í kringum þá.¹⁹

Bæjarstaði Egilsstaða liggur á víðáttu miklu nesi sem liggur frá Hofsa upp að ísaldarmelaruðningum eða marbökkum. Gróðurfar er afar fjölbreytt á staðnum en háfjallið er gróðurlítið.²⁰ Annað land er nokkuð vel gróið bæði afréttar og heimaland. Fremur veðrasamt er á Egilsstöðum og Fjallasíðubæjunum og hafa svokölluð Skarðaveður valdið nokkru tjóni. Á Egilsstaðanesi þótti nokkuð hættusamt fyrir sauðfé í vatnsstokkum og pyttalækjum, þær hættur hafa þó farið minnkandi á síðari árum. Megnið af engjunum var á nésinu en grasvöxturinn var fremur lítill. Gamla túnið skiptist í tvo hluta, annar hlutinn var mjög þýfður en hinn nokkuð sléttur og gaf góða uppskeru. Skilyrði til ræktunar eru góð og ræktunarland nokkuð fjölbreytt, lyngmóar, vallendi og mýrar. Af hlunnindum þá á jörðin veiðirétt í Hofsa.²¹ Í búskaparannál er tekið fram að Mylla hafi verið við Grófarlæk, túngarðar og áveiturgarðar í Fit, einnig hafi verið þaksléttur og sáðgarðar.²²

Undir Gerðisholti var afbýlið Egilsstaðargerði sem var byggt á 18. öld en engar heimildir eru um ábúendur. Við lok 20. aldar voru beitarhús byggð á rústum og fundust þá skæri og snældusnúður.²³

Ekki fundust neinar heimildir um menningarminjar á framvæmdasvæði Rariks né var hægt að greina á loftmyndum eða úti í felti þegar gengið var um svæðið.

Fornleifanúmer: 2722-01

Hnit: A687674.4 N583933.9 ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Tóft

Í kringum 3 km í norð-vestur frá húsunum á Egilsstöðum á bökkum Hofsa eru leifar af garði. Garðurinn er um 55 m langur í austur-vestur og beygir svo í suður-austur og er þá um 28 m á loftmynd frá 2017. Á loftmynd frá 2004 má sjá að garðurinn í austur-vestur var töluvert lengri eða um 74 m og beygir svo í suð-vestur um 24 m. Hofsa er því búinn að brjóta af honum um 43 m vestan af honum síðan 2004. Garðurinn er um 2-2,5 m á breidd og hæð um 1 m. Það er nokkuð greinilegt að áin hefur ollið miklum skaða á garðinum og mun líklega halda því áfram á næstu áratugum.

¹⁸ J. Johnsen, bls. 353.

¹⁹ Ármann Halldórsson, bls. 159.

²⁰ Ármann Halldórsson, bls. 159.

²¹ Ármann Halldórsson, bls. 159-160.

²² Ármann Halldórsson, bls. 160.

²³ Ármann Halldórsson, bls. 156.



Mynd 1. Garðlag við Hofsá á Egilsstöðum, mynd Loftmyndir ehf. 2017.

Ásbrandsstaðir:

Í Jarðarbók Johnsens er jörðinn sögð vera bændaeygn og metinn 30 hundruð jörð að dýrleika en 10 hundruð tilheyrir hjáleigunni.²⁴

Á Ásbrandsstöðum var þingstaður Vopnfirðinga. Örnefnið Þjófkaklettur er í hálsinum nokkuð út frá bænum en þar var aftökustaður afbrotamanna sem dæmdir voru á Ásbrandsstaðarþingi.²⁵

Bæjarstæðið stendur undir hálsi upp af melakömbunum við Hofsá.²⁶ Fjölbreytt gróðurfar er á jörðinni. Sumarhagarnir voru góðir fyrir nautgripi og hross. Stutt var í kjarngóða vetrararbeit fyrir sauðfé. Landið er fremur skjólgott og snjólétt flesta vetur, jafnframt var útiganga hrossa nokkuð góð. Engjarnar voru fremur rýrar en voru stutt frá og þóttu góðar til sláttar. Nokkuð greiðfært var um gamla túnið en það var nokkuð harðlent. Jörðin þótti heldur í lakara lagi til búskapar á fyrri tíð og einkum vegna lélegra engja. Túngarður var sýnilegur um aldarmótin 1900 og voru leifar af eldri túngörðum á staðnum.²⁷

Hlunnindi eru veiðiréttur í Hofsá, malarnám til bygginga ásamt hluta af reka á Skálum og Vatnsdalsgerði.²⁸ Áður fyrr var Vatnsdalsgerði og Skálar hjáleigur frá Ásbrandsstöðum. Skálar virðist hafa verið upphaflega útróðrarstaður frá Ásbrandsstöðum.²⁹

²⁴ J. Johnsen, bls. 352.

²⁵ Ármann Halldórsson, bls. 122.

²⁶ Ármann Halldórsson, bls. 122.

²⁷ Ármann Halldórsson, bls. 123

²⁸ Ármann Halldórsson, bls. 122

²⁹ Ármann Halldórsson, bls. 122

Afbýlið Valsstaðir voru undir hálsi nokkuð út frá bæ byggt 1703, þar voru síðar beitarhús fram yfir þar síðustu aldamót ásamt garðlögum.³⁰

Ekki fundust neinar heimildir um menningarminjar á framkvæmdasvæðinu né var hægt að sjá á loftmyndum eða þegar gengið var um svæðið.

Torfastaðir:

Í Jarðarbók Johnsens er jörðinn sögð vera bændaeygn³¹ stundum í eigu sýslumanna³² og metinn 30 hundruð jörð að dýrleika,³³

Torfastaðir var landnámsjörð og þar bjó Hróaldur bjóla sem nam hálfan Vesturdal, vestan ár og Selárdal allan út til Digranes.³⁴ Jörðin þótti vera góð bújörð miðað við fyrri tíðar hætti. Vetrararbeit var góð, jafnframt voru sumarhagar fyrir allan búpening og ræktunarskilrði góð. Þegar tvíbýlt var á jörðinni var túni og engjum skipt en ekki öðru landi. Tekið er fram í búskaparannál að það hafi verið túngarðar fyrir ofan tún undir melum, sáðgarðar og nokkrar litlar þaksléttur.³⁵

Af hlunnindum þá á jörðin laxveiðirétt í Vesturdal einnig er svolítið æðarvarp við mýrartjarnir skammt vestan við Vesturdalsbrú. Í dalbotninum voru engjar grasgefnar og nokkuð sammfeldar bæði mýrar og bakkar en heldur reytingssamar í vesturhlíð dalsins. Gamla túnið var þýft en gaf nokkuð góða uppskeru þrátt fyrir að efri hlutinn væri nokkuð harðlendur. Hluti af túninu náði að Vesturdal en það brotnaði mjög upp um og fyrir 19 öld.³⁶

Breiðarmýri var hjáleiga frá Torfastöðum og í heimildum er hún nefnd Torfastaðahjáleiga. Vestan Vesturdalsár í Torfastaðafloa er örnefnið Selgróf og þar eru rústir. Í Vesturdal hefur land Torfastaða og fleiri jarða færst austur yfir landnámsmörkin ekki er vitað ástæðu fyrir því en líklega vegna þess að Vesturdalsbændur hafi haft betri aðstöðu til að nýta vetrararbeit og sækja heyskap vestan hraunlínu en Hofsárdalsbændur.³⁷

Ekki fundust neinar heimildir um menningarminjar á framkvæmdasvæðinu né var hægt að sjá á loftmyndum né við vettvangskönnun á svæðinu.

Norður-Skálanes

Í Jarðarbók Johnsens er jörðinn sögð vera bændaeygn og metinn 8 hundruð jörð að dýrleika.³⁸

³⁰ Ármann Halldórsson, bls. 122

³¹ J. Johnsen, bls. 351.

³² Ármann Halldórsson, bls. 89

³³ J. Johnsen, bls. 351.

³⁴ Ármann Halldórsson, bls. 89.

³⁵ Ármann Halldórsson, bls. 90.

³⁶ Ármann Halldórsson, bls. 90.

³⁷ Ármann Halldórsson, bls. 89.

³⁸ J. Johnsen, bls. 352.

Skálajarðirnar eru tvær Norður-Skálanes og Austur-Skálanes sem liggja á innanverðum Kolbeinstanga og bera líklega nafn að verbúðasetu bænda í Vopnafirði en í gömlum sögnum er þess getið að vermannaskálar hafi verið á staðnum.³⁹

Gamla bæjarstæðið var á hjalla nokkuð hátt upp frá lónunum við norðurmynni Vatnsdals. Utar voru eitthvað af rækturnarlöndum þorpsbúa í móum og mýrum eftir að jörðin fór úr ábúð. Nokkuð utan við það var Búðaöxl en þar var mótekjuland sem var mikið notað á fyrstu áratugum 20. aldar.⁴⁰ Norður-Skálanes var talin góð jörð fyrir lítið bú og ýmis hlunnindi til tekna og svo var hægt að sækja vinnu í kaupstaðinn.⁴¹ Af hlunnindum var veiði í Vesturdalsá,⁴² veiði á lónum, skeljataka, mótekja, hagaganga fyrir kaupstaðargripi. Einnig mátti stunda útræði en fjarlægð til sjávar var þó nokkuð í lengra lagi.⁴³ Bestu engjarnar voru á harðvelli við Vesturdalsá, beitiland var gott og entist beitin þar flesta vetur.⁴⁴

Árið 1915 var Norður-Skálanes seld Vopnafjarðarhreppi en á þeim tíma var kaupstaðurinn í miklum vexti og þurfti á viðbótarland að halda til beitar og ræktunar. Sjálfstæð ábúð fellur svo niður 1930.⁴⁵

Fornleifanúmer: 2722-02

Hnit: A689243.9 N589586.2 ISN93

Hlutverk: Garður

Tegund: Tóft

Í kringum 70 m norður af hesthúsum á Norður-Skálanesi eða þétt austan við heimreið af hesthúsunum. Garðlagið nær frá heimreiðinni og fer um 34 m í norð-austur. Hæð garðlagsins er um 0,6-0,9 m og breidd um 1,8 m en er nokkuð ógreinilegt í norð-vestur enda.



Mynd 2. Garðlag, mynd tekinn í suð-vestur.

³⁹ Ármann Halldórsson, bls. 110.

⁴⁰ Ármann Halldórsson, bls. 110.

⁴¹ Ármann Halldórsson, bls. 111.

⁴² Ármann Halldórsson, bls. 110.

⁴³ Ármann Halldórsson, bls. 111.

⁴⁴ Ármann Halldórsson, bls. 111.

⁴⁵ Ármann Halldórsson, bls. 110.



--- Fornleifar á vettvangi
— Rafmagnsstrengur

Nafn Hrappsstaðir - Norður-Skálanes	Dags. 08.11.2021 hj	Skýringar:	BÚGARÐUR RÁÐGJAFARÞJÓNUSTA NORÐAUSTURLANDI Óseyri 2, 603 Akureyri, s: 460 4477, netf: bugardur@bugardur.is e763/e753e743 / gps mæl. Loftmyndir ehf. 2017 og 2019
VOPNAFJARÐARHREPPUR	Mælikv. 1:28000 í A3	Áætluð leið rafmagnsstrengss Rariks frá Hrappsstöðum - Norður-Skálanes í Vopnafjarðarhreppi og fornleifar á og nærri framkvæmdasvæði.	

5. Samantekt

Framkvæmdasvæði Raríks liggur um fimm jarðir en miðað er við gömlu jarðirnar en ekki seinni tíma nýbýli sem hafa verið stofnuð úr þeim. Á þessum sex jörðum var aðeins hægt að finna tvo minjastaði sem eru í eða nærri framkvæmdasvæðinu. Fyrri staðurinn er á Egilsstöðum við Hofsa en þar stefnir strengurinn í gegnum garðlag. Hins vegar sést á loftmyndum á map.is frá frá árinu 2004 og svo 2017 að Hofsa hefur þegar brotið um 43 m vestan að garðinum. Það er því ekki ólíklegt að áin haldi áfram að brjóta af garðlaginu.

Seinni minja staðurinn er garðlag á Norður-Skálanesi, það er aðeins innan 15 m friðhelgunarsvæðisins. Ekki fundust fleiri staðir og líkleg ástæða er fyrir því að framkvæmdasvæðið er töluvert frá gömlu bæjarstæðinum og einnig vegna þess að á köflum liggur strengurinn í eða nærri stöðum sem þegar hafa verið raskaðir s.s. vegna veglagninga eða túna sléttunar.

Það er þó ágætt að hafa í huga að þrátt fyrir að lítið hafi fundist á vettvangi er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að minjar leynist undir yfirborðinu þegar framkvæmdir hefjast. Verður þá að tilkynna fundinn til Minjastofnunnar sem tekur ákvörðun um framhaldið.

Akureyri, 29. Nóvember 2021
Hákon Jensson

6. Heimildaskrá

Ármann Halldórsson, ritstjóri jarðlýsinga. (1974). Sveitir og jarðir í Múlaþingi. I. bindi. Strönd, Vopnafjörður, Jökulsárhlið, Jökuldalur, Hróarstunga, Fell. Gefið út af Búnaðarsambandi Austurlands.

Bryndís Zoëga, og Guðný Zoëga. (2018). Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum Þverárvirkjunar, Rannsóknarskýrslur 2018/210. Vopnafirði. Byggðasafn Skagfirðinga.

Guðný Zoëga, Bryndís Zoëga og Guðmundur St. Sigurðarson. (2005). Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum vegagerðar í Vopnafirði. Rannsóknarskýrslur 2005/47. Byggðasafn Skagfirðinga.

Heimasíða Alþingis. Lög um menningarminjar. Sótt af <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað 16.02.2019.

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráning fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/>. Skoðað 16.02.2019

Heimasíða Minjastofnunnar. Skráningarstaðlar fornleifa. Minjastofnun Íslands. (2013). Sótt af <http://www.minjastofnun.is/minjar/skraning-fornleifa/skraningarstadlar/>. Skoðað 16.02.2019

J. Johnsen. (1847). Jarðartal á Íslandi. Með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og presta köllum, ágripi úr búnaðartölum 1835-1845 og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu. Kaupmannahöfn.

Rannveig Þórhallsdóttir. (2019). Fornleifaskráning vegna lagningar ljósleiðara í Vopnafirði. Fornleifafræðistofan.

Heimildarmenn:

Haraldur Jónsson, 1955, Ásbjarnarstaðir II, Vopnaafjarðarhreppur.

Krisbjörg E Alfreðsdóttir, 1966, Ásbjarnarstaðir II, Vopnafjarðarhreppur.

Þorkell Björnsson, 1956, Egilsstaðir, Vopnafjarðarhreppur.